

Ensk áhrif í íslenskum hlaðvörpum

Undanfarin misseri hafa hlaðvörp notið gríðarlegra vinsælda hér á landi. Samkvæmt mælingum [Gallups](#) frá 2025 hlustar um 30% landsmanna einhvern tímann á íslensk hlaðvörp, einkum og sér í lagi ungt fólk. Málfar í hlaðvörpum hefur mótandi áhrif á þá sem hlusta sem gerir þennan nýja miðil að áhugaverðu rannsóknarefni. Í þessum pistli segir frá rannsókn á orðaforða í vinsælum hlaðvörpum sem byggjast á óformlegu spjalli þáttastjórnenda. Rannsóknin er liður í samnorrænu verkefni sem kallast PLIS eða Pragmatic loans in Scandinavia. Tilgangur rannsóknarinnar er að bera saman ensk áhrif á norræn mál og finnsku.

Hvað er hlaðvarp?

Almenn skilgreining á hlaðvörpum gæti verið svohljóðandi:

Hlaðvarp er þáttaröð þar sem talað mál er í forgrunni. Hlaðvörp má hlusta á ýmist í streymi eða sækja sem hljóðskrá og spila hvar og hvenær sem er. Hver sem þess óskar getur framleitt hlaðvarp og reynt að koma því á framfæri.

Hlaðvörp eru af ýmsum toga. Sumir hlaðvarpsstjórnendur eru með tilbúin handrit sem þeir fylgja í þaula á meðan aðrir kveikja bara á upptökutækinu og spjalla frjálst um það sem kemur upp í hugann. Sumum hlaðvörpum er stjórnað af reynslumiklu fjölmiðlafólki sem leggur mikla vinnu í að undirbúa sig og klippa þættina áður en þeir fara á vefinn. Stór hluti hlaðvarpa er þó framleiddur af venjulegu fólki á ýmsum aldri og úr öllum stéttum samfélagsins. Fólki sem er að þreifa sig áfram við þáttagerð, t.d. vinum og kunningjum sem koma sér upp „hljóðveri“ í heimahúsum til að tala um sín helstu hugðarefni hvort sem það er fótbolti, kvikmyndir eða stjórnmál.

Það eru einmitt þessi hlaðvörp sem eru áhugaverð fyrir málfræðinga sem rannsaka samtöl því í hlaðvörpum getum við nálgast óformlegt talmál á aðgengilegan hátt. Mikilvægt er þó að hafa í huga að samtöl í hlaðvörpum, eins og samtöl í öðrum fjölmiðlum, eru sviðsett. Þau eru búin til sem afþreying fyrir hlustendur og er því ekki hægt að líta á þau sem hversdagsleg samtöl.

Gagnagrunnurinn

Eitt af markmiðum norræna rannsóknarverkefnisins var að búa til gagnagrunn með hlaðvörpum frá fimm löndum: Íslandi, Noregi, Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi. Í íslenska hlutann voru valdir sjö hlaðvarpsþættir og þeir skráðir í sérstakt forrit. Þessi hlaðvörp eiga það sameiginlegt að þau byggjast á sjálfsprottnum samtölum og eru lítið sem ekkert klippt. Við gerð gagnagrunnsins voru öll samtölin skráð orð fyrir orð, þar með talið ólokin orð, þagnir, andvörp og hlátur. Ensk orð voru sérstaklega merkt sem slík.

Orðaforðinn og ensk áhrif

Þegar öll hlaðvörpin höfðu verið skráð í gagnagrunn var orðaforðinn skoðaður. Fjöldi lesmálsorða (þ.e. öll orðin) var 95.301. Af þeim voru 2,5% orðanna flokkuð sem aðkomuorð úr ensku. Langflest orðin koma aðeins fyrir einu sinni eða tvisvar (t.d. *interesting* og *thinker*). Einnig er í gagnagrunninum töluverður fjöldi tilsvara á ensku sem flest eru vel þekkt í hversdagslegum íslenskum samtölum (t.d. *who knows* og *you can't make this shit up*).

En þótt stök tilvik séu algengust eru í gagnagrunninum nokkur orð úr ensku sem koma oftast fyrir. Þetta á sérstaklega við um orðræðuagnir, blótsyrði og önnur viðbrögð sem bera ekki eiginlega merkingu en eru notuð til að halda samtalinu gangandi og varpa ljósi á viðhorf mælanda. Eftirfarandi tafla sýnir algengustu ensku orðin. Athugið að orðin í töflunni eru stafsett á enskan máta til að auðvelda samanburð við hin Norðurlandamálin.

Sæti Orð	Fjöldi tilvika
1. okay	318
2. wow	63
3. basically	33
4. oh my god (oh my goodness)	30
5. fucking/fokkings	26
6. fuck (off)	18
7. shit	16
8. sorry	12
9. whoa	10
10. true	7
11. actually	6
12. yes	6

Tafla 1: Tíðnilisti enskra orða og frasa.

Flest orðin í töflunni eru kunnugleg og hafa lengi verið notuð í óformlegum samtölum. Sum hafa jafnvel verið aðlöguð að íslensku málkerfi og ratað í orðabækur. Þar má nefna orð eins og *ókei* og *vá*, sem nú á dögum hljóta að teljast til íslensks orðaforða, og *sorrí* og *fokk* sem bæði koma fyrir í *Íslenskri nútímamálsorðabók* merkt sem „óformlegt, ekki fullviðurkennt mál“. Athygli vekur þó að nokkuð algengt er að bera þessi orð fram með amerískum hreim og þannig framandgera þau, jafnvel orð sem hafa öðlast fastan sess í málinu. Í töflunni má svo einnig sjá nýlegri viðbætur við orðaforðann, eins og til dæmis *true*, sem er notað til að sýna að maður sé sammála staðhæfingu viðmælanda, og *whoa* sem getur verið viðbragð við óvæntum atvikum.

Eins og sjá má á þessum tölum er tíðni orða sem koma úr ensku ekki ýkja há. Þetta verður sérstaklega áberandi ef tíðnitölur eru settar í samhengi við tíðni sambærilegra orða í íslensku, þ.e. orðræðuagnir og önnur orð sem notuð eru til að stýra samtalinu og hvernig það sem við segjum fellur inn í samhengið.

Íslenskur orðaforði

Algengustu orðræðuagnirnar í hlaðvörpunum má sjá í töflu 2. Athugið að orð og frasar sem eru

stjörnumerkt geta bæði haft eiginlega og óeiginlega merkingu. Orðið *já* getur t.d. bæði táknað jákvætt svar við *já/nei*-spurningu (þ.e. eiginleg merking) og gegnt hlutverki endurgjafar sem er ein tegund orðræðuagna („ég skil hvað þú ert að segja, haltu áfram að tala“).

Sæti Orð	Fjöldi tilvika
1. <i>já*</i>	3.552
2. <i>bara*</i>	2.469
3. <i>þú(vei)st</i>	1.360
4. <i>svona*</i>	1.306
5. <i>sko</i>	1.162
6. <i>eitthvað*</i>	878
7. <i>mhm</i>	801
8. <i>hérna*</i>	739
9. <i>nei*</i>	616
10. <i>eh/uh/öh</i>	492
11. <i>alveg*</i>	418
12. <i>ókei</i>	340
13. <i>þarna*</i>	308
14. <i>mm</i>	249
15. <i>náttúrlega*</i>	220
16. <i>skilurðu</i>	193
17. <i>ég meina</i>	154
18. <i>semsagt</i>	128
19. <i>nú*</i>	121
20. <i>heyrðu</i>	120
21. <i>ha</i>	72
22. <i>vá</i>	66
23. <i>oh</i>	60
24. <i>bíddu*</i>	41

Tafla 2: Orðræðuagnir í gagnagrunninum.

Eins og sjá má á töflu 2 eru íslensku orðræðuagnirnar mun tíðari en þær ensku. Efst á lista er *já* sem er algengasta endurgjöfin í íslensku en neðar má sjá aðrar endurgjafir eins og *nei*, *mhm* og *mm*. Ofarlega á blaði er einnig *þú(vei)st*, sem mjög sótt hefur í sig veðrið undanfarna áratugi og vakið ýmsar tilfinningar almennra málnotenda, og *sko* sem lengi var umdeilt orð en fáir fetta fingur út í nú á tímum.

Að lokum

Þegar tíðni enskra og íslenskra orða er borin saman má velta fyrir sér hvort áhrif ensku séu í raun minni en við höfum gert okkur í hugarlund. Tökum við kannski bara meira eftir enskum orðum en íslenskum því þau stinga í stúf og eru oft borin fram með amerískum hreim? Einnig má velta fyrir sér

hvers vegna mælendur grípa til þessara orða. Eru þeir að bregðast við einhverju sem er óvænt eða vekur sterkar tilfinningar? Þessum spurningum ætlum við að reyna að svara í norræna rannsóknarverkefninu PLIS.

Til upplýsingar

Rannsóknin er liður í norrænu samstarfsverkefni, Pragmatic borrowing in Scandinavia (PLIS), sem styrkt var af NordForsk (2020–2022) og Nordplus språk (2024–2026). Greinin byggist á fyrirlestri höfundar á Rask-ráðstefnunni sem haldin var í janúar 2026.

Heimildir

Andersen, Gisle. 2014. Pragmatic borrowing. *Journal of Pragmatics* 67:17–33.

Helga Hilmissdóttir, Martina Huhtamäki og Susanna Karlsson. 2025. Introduction: Pragmatic borrowing from English. *Nordic Journal of Linguistics* 48(2):113–115.

Rime, Jeimily, Chris Pike, Tom Collins. 2022. [What is a podcast? Considering innovations in podcasting through the six-tension framework](#). *Convergence: The international Journal of Research into New Media Technologies* 28(5):

[Samtalsorðabók](#). Helga Hilmissdóttir (ritstj.). Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Þórunn Blöndal. 2004. [Endurgjöf í samtölum](#). *Íslenskt mál og almenn málfræði* 26:123-145.

Mynd

SJ Obijo. Unsplash.